Umhverfis- og
tæknisvið Uppsveita

Dalbraut 12 | 840 Laugarvatn | Sími 480 5550 | www.utu.is

## Efni: Oddsholt frístundasvæði F50 – Skilgreining byggingaskilmála

Deiliskipulagssvæði:



Umhverfis- og
tæknisvið Uppsveita

Dalbraut 12 | 840 Laugarvatn | Sími 480 5550 | www.utu.is

## Skilmálar

Á svæðinu sem deiliskipulagið tekur til eru afmarkaðar um 54 lóðir á uppdrætti skipulagsins. Engir byggingaskilmálar eru skilgreindir með gildandi deiliskipulagi.

Svæðið sem um ræðir er nánast fullbyggt og búið að leggja vegi og veitur. Skilmálum þessum er ætlað að skilgreina byggingarheimildir vegna framtíðar uppbyggingar innan svæðisins.

- Byggingaskilmálar:
    - Innan hverrar lóðar er heimilt að byggja frístundahús, aukahús/gestahús og geymslu. Hámarks nýtingarhlutfall lóða er 0,03 og teljast allar byggingar innan lóða til nýtingarhlutfalls ásamt skráðum B-rýmum.
- Mænishæð:
    - Hámarks mænishæð má vera allt að 6 m m.v. gólfkóta. Mænistefna er frjáls.
- Mæliblöð:
    - Á mæliblöðum eru sýnd lóðamörk, stærð lóðar, byggingarreitir, innkeyrsla inn á lóð og kvaðir ef einhverjar eru. Við gerð mæliblaða geta orðið smávægilegar breytingar frá deiliskipulagi og skal þá mæliblað ráða.
- Veitur:
    - Lagnir skulu fylgja vegum eftir því sem við verður komið. Um fráveitu gildir reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999, með síðari breytingum. Rotþrær skulu staðsettar á lóð þannig að aðkoma að þeim sé tryggð til hreinsunar.
- Sorp:
    - Sorphirða er skv. gildandi reglum sveitarfélagsins hverju sinni.
- Brunavarnir:
    - Skipulagssvæðið eru innan starfssvæðis Brunavarna Árnessýslu. Tryggja skal aðkomu slökkvibíla að brunahönum/tönkum fyrir slökkvivatn. Burðarhæfi vega skal vera í það minnsta 30 tonn. Huga skal að nálægð gróðurs við vegi og hús, fjarlægð trjáa frá húsum og vegum skal vera minnst 1,5 m.

Deiliskipulagsbreyting þessi, sem hefur hlotið málsmeðferð
skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er varðar breytingu á deiliskipulagi
var samþykkt í sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps þann ___/___ 2023

Birt í B-deild stjórnartíðinda þann _________ 2023
Fh. Grímsnes- og Grafningshrepps

_____________________________________________
Vigfús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi UTU